

Sveitarfélagið Garður  
Skipulags-og byggingafulltrúi  
Sunnubraut 4  
250 Garður

Reykjavík 12. október 2017  
UST201709-017/K.S.J.  
10.04.02

### **Efni: Aðalskipulag Sveitarfélagsins Garðs 2013 – 2030, tillaga að breytingu**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingafulltrúa Sveitarfélagsins Garðs er barst 4. september sl. þar sem óskað er umsagnar um vinnslutillögu vegna breytinga á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Garðs 2013 – 2030.


Í ofangreindri breytingartillögu kemur fram að svæði Garðvangs sem í gildandi aðalskipulagi er skilgreint sem svæði fyrir samfélagsþjónustu breytist skv. tillögunni í íbúðarsvæði. Einnig felur breytingin í sér að svæði sem voru skilgreind í núgildandi aðalskipulagi sem atvinnusvæði (athafnasvæði) verða skv. tillögunni skilgreind sem svæði fyrir verslun og þjónustu. Á sama svæði fellur út APZ afmörkun flugöryggissvæði A, B og C og í staðinn kemur afmörkun hindrunarflatar Keflavíkurflugvallar þar sem ákvæði varðandi uppbyggingu gilda.


#### **Greinargerð**

Í greinargerð kemur fram að á svæði Garðvangs hefur starfsemi hjúkrunarrýmis verið hætt og þess vegna er tillaga um að skilgreining svæðisins verði svæði fyrir íbúðarstarfsemi. Einnig kemur fram að Sveitarfélagið Garður vill bjóða upp á lóðir fyrir verslun og þjónustu og þess vegna er tillaga um breytingu á athafnalóðum í slíkar lóðir.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir greinargerð og umhverfisskýrslu tillögunnar og gerir ekki athugasemd.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Agnar B Bragason  
Teymisstjóri